

Viðbrögð Gerðaskóla vegna ófullnægjandi skólasóknar

Leyfi/veikindi

Prep 1 – Viðmið 5 til 9 veikinda-og/eða leyfisdagar

Foreldrum send ástundun nemanda í gegnum Mentor. Námsráðgjafi/umsjónarkennari hefur í kjölfarið samband við foreldra.

Prep 2 – Viðmið 10 til 14 veikinda- og/eða leyfisdaga

Námsráðgjafi/umsjónarkennari hefur samband við foreldra. Ef 80% eða meira af forfalladögum eru tilkynnt veikindi, upplýsir námsráðgjafi skólahjúkrunarfræðing um stöðu mála sem metur mögulega aðkomu sína að málefnum nemandans. Skólastjórnendur upplýstir um stöðu mála.

Prep 3 – Viðmið 15 til 19 veikinda- og/eða leyfisdagar

Námsráðgjafi boðar foreldra til fundar, ásamt umsjónarkennara og skólastjórnanda. Áætlun er sett fram. Nemendaverndarráð upplýst um stöðu mála.

Prep 4 – Viðmið 20 til 29 veikinda- og/eða leyfisdagar

Málinu vísað til umfjöllunar í Nemendaverndarráði. Foreldrar boðaðir til fundar. Áætlun endurskoðuð.

Prep 5 – Viðmið 30 eða fleiri veikinda- og/eða leyfisdagar

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar.

Námsráðgjafi sendir vikulega ástundunarstöðu nemenda á foreldra með tölvupósti.

Yfirlit yfir skólasókn er sýnilegt í Mentor. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn tilkynni skóla um veikindi/leyfi. Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir er ástundun nemandans síðustu þrjá skólamánuði skoðuð (staðfest langtímeikindi eru frátalin). Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag.